

## Viðauki VII

### Tilkynningar um óhöpp og slys

Verði slys eða óhapp skal tilkynna það umsjónarmanni viðkomandi byggingar sem jafnframt er öryggisvörður og/eða öryggistrúnaðarmaður. Einnig er hægt að tilkynna slys og óhöpp í öryggissíma Háskóla Íslands 525 5112. Umsjónarmaður fasteignarinnar, öryggisvörður eða öryggistrúnaðarmaður mun sjá um að fylla út tilkynninguna og koma henni til starfsmannasviðs. Það er mikilvægt að öll slys, bæði minniháttar og meiriháttar slys og óhöpp, séu tilkynnt svo hægt sé að fylgjast með hvar slysin eigi sér stað og hvað hafi farið úrskeiðis. Öryggisnefndin getur í framhaldinu kannað hvaða leiðir séu til úrbóta.

#### *Vinnueftirlitið*

Lögfræðingur starfsmannasviðs tekur ákvörðun um hvort tilkynna beri slysið/óhappið til Vinnueftirlits ríkisins. Það skal gert í eftirfarandi tilvikum:

- Ef starfsmaður eða stúdent deyr, eða líkur eru á að hann hafi orðið fyrir langvinnu eða varanlegu heilsutjóni, svo sem missi útlíms eða hluta útlíms, beinbrotnað, farið úr lið, fengið meiriháttar sár, misst meðvitund, hlotið skemmdir á taugavef, orðið fyrir alvarlegu augnslysi, innvortis meiðslum eða eitrun.
- Ef slys/óhapp veldur fjarvistum frá námi eða vinnu í einn eða fleiri daga, auk slysadags.
- Þegar kalla þarf til sjúkrabíl eða lækni.

#### *Tryggingastofnun ríkisins*

Lögfræðingur starfsmannasviðs ber jafnframt ábyrgð á að tilkynna slys til Tryggingastofnunar ríkisins í þeim tilfellum þar sem stúdent eða starfsmaður þarf að fá kostnað vegna slyssins greiddan.

#### *Öryggisnefnd Háskóla Íslands*

Öll slys eru skráð í málaskráningakerfi háskólans og afrit sent til öryggisnefndar Háskóla Íslands. Öryggisnefndin tekur málin til skoðunar og leggur til úrbætur, sé það hægt.